

MINNISBLAÐ

um fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Minnisblað þetta er unnið að beiðni aðstoðarmanns við greiðslustöðvun Landsbanka Íslands hf. („aðstoðarmanns“) í því skyni að veita yfirlit um það lagaumhverfi sem mun gilda um slitameðferð Landsbanka Íslands hf. („Landsbankans“) fari svo að fyrirleggjandi frumvarp um breytingu á lögum nr. 161/2002 („frumvarpið“) verði samþykkt af Alþingi í óbreyttri mynd¹.

Í neðangreindri umfjöllun mun eingöngu farið yfir þau ákvæði frumvarpsins sem tengjast slitameðferð viðskiptabankanna þriggja, þ.m.t. Landsbankans.

1. Áframhaldandi greiðslustöðvun.

1.1. Þær sérreglur um greiðslustöðvun sem settar voru með lögum nr. 129/2008 þann 14. nóvember eru felldar úr gildi í frumvarpinu. Samkvæmt sérákvæði frumvarpsins gilda þessar reglur þó áfram í upphaflegri mynd gagnvart þeim fjármálafyrirtækjum sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar. Í þessu felst að Landsbankinn á kost á því að fá greiðslustöðvun framlengda í allt að 24 mánuði frá 5. desember 2008 að telja.

1.2. Meðan heimild til greiðslustöðvunar er til staðar gilda tiltekin ákvæði laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. („GÞL“) um greiðslustöðvunina, þ.e. ákvæði III. og V. kafla GÞL. Meginatriði þeirra eru:

- Aðstoðarmaður heldur opna fundi með kröfuhöfum bankans skv. 14. gr. GÞL.
- Framlenging greiðslustöðvunar fer áfram eftir reglum 15. – 18. gr. GÞL með sömu undantekningu og áður um hámarkstíma greiðslustöðvunar.
- Greiðslustöðvun lýkur eftir reglum 23. – 26. gr. GÞL.
- Aðstoðarmaður hefur áfram eftirlitsskyldum að gegna varðandi ráðstafanir skilanefndar og ber að upplýsa héraðsdómara um það ef hann telur að brotið sé gegn skyldum skilanefndar² (um skyldur skilanefndar er fjallað í 4. kafla hér á eftir).

1.3. Þegar greiðslustöðvun lýkur telst Landsbankinn vera til slitameðferðar eftir almennum reglum laganna og í samræmi við 3. og 4. tölulið bráðabirgðaákvæðis II án þess að til sérstaks dómsúrskurðar komi. Það hefur því litlar sem engar efnisbreytingar í för með sér að greiðslustöðvun ljúki, slitameðferðin heldur áfram eftir reglum laganna.

2. Frestdagur.

2.1. Ýmis réttaráhrif eru bundin við hinn svokallaða frestdag, en hugtakið er þekkt úr gjaldþrotaréttinum. Frestdagurinn hefur fyrst og fremst þýðingu varðandi réttshæð krafna, riftun ráðstafana og um rétt til skuldajöfnuðar. Sérregla gildir um frestdag í tilfalli Landsbankans og er gert ráð fyrir því að sami frestdagur gildi áfram um bankann, þ.e. 14. nóvember 2008, sbr. bráðabirgðaákvæði III.

¹ Talsverð óvissa ríkir um afdrif frumvarpsins hjá Alþingi og því ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að frumvarpið verði að lögum.

² Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II gilda reglur IV. kafla GÞL ekki lengur um greiðslustöðvun heldur taka við þær reglur sem gilda um starfshætti skiptastjóra skv. GÞL.

3. Almennt um slitameðferðina.

- 3.1 Það leiðir af bráðabirgðaákvæði II að allar helstu efnisreglur slitameðferðar Landsbankans gilda hvort sem heimild til greiðslustöðvunar er í gildi eða ekki. Sérreglur um greiðslustöðvun, eins og þeim er lýst stuttlega í 1. kafla hér að framan, hætta að gilda þegar greiðslustöðvun lýkur og sömu efnisreglur halda áfram að gilda um slitameðferðina sem þá tekur við.
- 3.2 Í tilfelli bankanna þriggja er um að ræða nokkur frávik frá almennum reglum frumvarpsins um slitameðferð. Þessum frávikum er einkum lýst í bráðabirgðaákvæðum II og III. Helstu frávikin eru:
- Ákvæði um skipun bráðabirgðastjórnar í fjármálafyrirtæki (100. gr. a í frumvarpinu)³ gilda ekki þar sem skilanevnd hefur þegar verið skipuð.
 - Ákvæði um upphaf slitameðferðar (2. mgr. 101. gr. frumvarpsins) gilda ekki þar sem bankarnir munu sjálfkrafa teknir til slitameðferðar án dómsúrskurðar þegar heimild til greiðslustöðvunar lýkur.
 - Ákvæði um frestdag (5. mgr. 101. gr. frumvarpsins) gildir ekki um bankana, sbr. umfjöllun í 2. kafla hér að framan.
 - Skilanevndir bankanna halda áfram að starfa með óbreyttu nafni. Skilanevndirnar munu sinna tilteknum hlutverkum áfram (sjá nánar umfjöllun í 4. kafla hér á eftir) og þannig annast áfram þá rekstrarlegu þætti slitameðferðarinnar sem slitastjórn væri ella falið. Skilanevndirnar munu áfram lúta Fjármálaeftirlitinu („FME“).
 - Héraðsdómari mun, eftir skriflegri beiðni skilanevndar, skipa sérstaka slitastjórn allt að 5 manna sem annast mun þá þætti slitameðferðarinnar sem skilanevnd sinnir ekki (4. mgr. 101. gr. frumvarpsins).
 - Aðstoðarmaður skal sjálfkrafa taka sæti í slitastjórn þegar í stað og halda því starfi áfram jafnvel þótt greiðslustöðvun ljúki.
- 3.3 Að frátöldum framangreindum frávikum eru helstu reglur frumvarpsins um slitameðferðina að miklu leyti keimlíkar þeim reglum sem gilda um gjaldþrotaskipti skv. GÞL og í frumvarpinu er víða vísað til nánari meginatriða GÞL. Helstu réttaráhrif slitameðferðarinnar skv. frumvarpinu munu raktar í 3.4 – 3.7 hér að neðan. Rétt er að geta þess að um innköllun krafna og meðferð þeirra verður fjallað sérstaklega í 5. kafla hér á eftir.
- 3.4 Reglur GÞL um gagnkvæma samninga munu gilda við slitameðferðina. Þessar reglur er að finna í 89 – 98. gr. GÞL. Nokkur atriði sem þar skipta máli eru:
- Viðsemjandi bankans í gagnkvæmu samningssambandi getur haldið eftir sinni greiðslu samkvæmt slíkum samningi þar til bankinn setur fullnægjandi tryggingu fyrir efninum.
 - Bankinn getur ákveðið að viðhalda gagnkvæmu samningssambandi og þeim réttindum og skyldum sem í því felast. Þar sem samningur kveður á um greiðslur smátt og smátt teljast greiðslur af hálfu bankans sem inna bar af hendi eftir gildistöku laganna vera búskrófur skv. 3. tölulið 110. gr. GÞL.
 - Ef bankinn setur hvorki tryggingu fyrir efninum á gagnkvæmum samningi né tekur ákvörðun um að viðhalda samningssambandinu getur gagnaðili slitið samningnum og í ákveðnum tilfellum krafist skaðabóta vegna slíkra samningsslita.
 - Sérreglur gilda um uppsagnarrétt viðvarandi samninga s.s. leigusamninga. Einnig gilda sérstakar reglur um afdrif ráðningarsamninga starfsmanna. Sjá nánar 96. – 98. gr. GÞL.

³ Þar sem vísað er til lagagreina í frumvarpsins er átt við þær greinar þar sem efni frumvarpsins er ætlaður staður í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

- 3.5 Reglur GÞL gilda um kröfur á hendur bankanum með þeirri undantekningu að ákvæði 1. mgr. 99. gr. GÞL um sjálfkrafa gjaldfellingu krafna gildir ekki. Kröfur á hendur bankanum falla því ekki sjálfkrafa í gjalddaga þótt til slitameðferðar komi. Að öðru leyti gilda reglur 99. – 108. gr. GÞL almennt um kröfur á hendur bankanum. Þar eru tvö meginatriði sem geta skipt sérstöku máli fyrir Landsbankann og kröfuhafa hans:
- a) Kröfur í erlendum gjaldmiðli skal umreikna í kröfuskrá, sbr. lið 5.3, í íslenskar krónur eftir skráðu sölugengi á þeim degi sem lögin öðlast gildi (3. mgr. 99. gr. GÞL, sbr. 3. mgr. 102. gr. frumvarpsins og 2. töluliður bráðabirgðaákvæðis II í frumvarpinu).
 - b) Skuldajöfnuður er háður þeim grunnskilyrðum að gagnaðili bankans hafi eignast kröfu sínar áður en þrjú mánuðir voru til frestdags, þ.e. fyrir 14. ágúst 2008. Um önnur skilyrði er vísað til 100. gr. GÞL.
- 3.6 Um rétt hæð krafna á hendur bankanum gilda almennar reglur GÞL, sbr. 109. – 115. gr. með einni undantekningu þó:
- a) Kröfur um innistæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sbr. lög nr. 98/1999, teljast til forgangskrafna skv. 112. gr. GÞL.
 - b) Skiptingin að öðru leyti er í aðalatriðum þessi:
 - i. Eignir eða réttindi þriðja manns í vörslum þrotabús, sbr. 109. gr. GÞL.
 - ii. Búskröfur sem orðið hafa til með samningi sem gerður er eftir gildistöku laganna eða kröfur sem urðu til eftir frestdag með ráðstöfunum sem samþykktar voru af aðstoðarmanni, sbr. 110. gr. GÞL.
 - iii. Kröfur sem njóta veðréttar eða annarra tryggingaréttinda, sbr. 111. gr. GÞL.
 - iv. Forgangskröfur, þ.m.t. launakröfur ýmiskonar og kröfur um innistæður skv. framangreindu, sbr. 112. gr. GÞL (auk innstæðukrafna skv. lið a) hér að framan).
 - v. Almennar kröfur, þ.e. allar aðrar kröfur sem ekki falla undir framangreinda flokka og ekki teljast til eftirstæðra krafna, sbr. 113. gr. GÞL.
 - vi. Eftirstæðar kröfur, sbr. 114. gr. GÞL.
 - c) Sérstök athygli er vakin á því að verði lögin samþykkt mun gildistaka þeirra marka skurðpunkt um vexti og kostnað af forgangskröfum og almennum kröfum. Samkvæmt því munu vextir og kostnaður af slíkum kröfum sem til fellur frá og með gildistöku laganna vera eftirstæðar kröfur (sjá 114. gr. GÞL, sbr. 3. mgr. 102. gr. frumvarpsins og 2. töluliður bráðabirgðaákvæðis II í frumvarpinu).
- 3.7 Um meðferð krafna á hendur búi gilda ákvæði 116. – 121. gr. GÞL. en þar er að finna margar grundvallarreglur sem skipta máli við slitameðferð Landsbankans:
- a) Dómsmál verður ekki höfðað á hendur bankanum nema sérstök heimild sé til þess í lögum eða um refsímál sé að ræða.
 - b) Mál sem þegar hefur verið höfðað á hendur bankanum en ekki hefur verið dæmt við gildistöku laganna getur haldið áfram.
 - c) Kröfum um fullnustugerðir s.s. aðfö, kyrrsetningu, lögban o.s.frv. verður ekki komið fram gegn bankanum.
 - d) Kröfuhafa ber að lýsa kröfu sinni eftir nánari reglum í 117. gr. GÞL til að hún komist að við skiptin.
 - e) Sé kröfu ekki lýst innan kröfulýsingarfrests fellur hún niður gagnvart bankanum nema tiltekin undantekningartilvik eigi við skv. 118. gr. GÞL. Um það hver slík undantekningartilvik eru er vísað til 1. – 6. töluliðar 118. gr. GÞL.
 - f) Um meðferð krafna eftir að þeim hefur verið lýst er fjallað í 5. kafla hér á eftir.

3.8 Um riftun á ráðstöfunum Landsbankans fer eftir reglum 131. – 148. gr. GÞL og þeim skilyrðum sem þar eru sett.

3.9 Kostnaður af störfum skilanefndar og slitastjórnar greiðist af fjármunum bankans eftir nánari reglum 77. gr. GÞL. Um ábyrgð í starfi er fjallað í 4. mgr. 77. gr. GÞL, en óljóst er hvort þær reglur taka eingöngu til slitastjórnar eða einnig til skilanefndar.

4. Hlutverk skilanefndar.

4.1 Eins og vikið er að hér að framan munu skilanefnd Landsbankans halda áfram störfum. Hennar hlutverk mun, hér eftir sem hingað til, vera að hámarka útkomuna og annast daglega stjórnun bankans í því skyni. Helstu hlutverk skilanefndar eru:

- a) Að annast áfram leyfisbunda starfsemi Landsbankans undir eftirliti FME.
- b) Að annast áfram hlutverk stjórnar Landsbankans og hafa með höndum þau réttindi og þær skyldur sem stjórn og hluthafafundur höfðu áður.
- c) Að leggja mat á eignastöðu Landsbankans þegar kröfulýsingafresti er lokið í því skyni að ákvarða hvort eignir bankans nægi til að standa við skuldbindingar hans.
- d) Að vinna að því markmikið að sem mestir fjármunir komi fyrir eignir bankans, þar á meðal með því að biða eftir efndatíma á útistandandi kröfum ef þurfa þykir fremur en að koma þeim í verð strax, sbr. nánar 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.
- e) Að boða til og halda kröfuhafafundi þegar það þykir henta til að kynna ráðstafanir skilanefndar, leita eftir tillögum kröfuhafa þar sem það á við. Um kröfuhafafundi að öðru leyti er fjallað í 6. kafla hér á eftir.

4.2 Í daglegri stjórnun bankans af hálfu skilanefndar felast ákveðnar skyldur sem skilanefnd ber að virða. Er í aðalatriðum um að ræða sömu skyldur og hvíla á skiptastjórum eftir almennum reglum, sbr. einkum 122. og 123. gr. GÞL og umfjöllun í lið 4.1 hér að framan.

- a) Skilanefnd ber að sjá til þess að eignum og réttindum bankanna verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt, að kröfur og innistæður verði heimtar inn, að engin réttindi fari forgörðum sem geta haft verðgildi og að gripið verði til allra nauðsynlegra aðgerða til að varna tjóni fyrir hagsmuni bankans (og þar með kröfuhafa).
- b) Skilanefnd ber að sjá til þess að peningalegar eignir bankans beri sem hagkvæmasta vexti og séu varðveittar á sem öruggastan hátt.
- c) Skilanefnd skal ráðstafa eignum og réttindum bankans á sem hagkvæmastan hátt þegar það er talið tímabært og til þess fallið að hámarka afkomu af eignum bankans, sbr. einnig 1. mgr. 124. gr. GÞL.

4.3 Ef kröfuhafar eða aðrir sem hafa hagsmuna að gæta telja að ráðstafanir skilanefndar stríði gegn framangreindum meginskyldum, ellegar ef ágreiningur kemur upp að öðru leyti um ráðstafanir skilanefndar, er hægt að skjóta ágreiningi um það til héraðsdóms eftir reglum 166. – 179. gr. GÞL. Um það er fjallað í 6. kafla hér á eftir.

5. Hlutverk slitastjórnar.

5.1 Slitastjórn bankans er skipuð af héraðsdómi og í henni sitja allt að 5 manns. Slitastjórn sinnir öllum öðrum verkefnum en þeim sem skilanefnd eru falin. Um skipun og hæfi þeirra sem sitja í slitastjórn gilda ákvæði 75. gr. GÞL um hæfi skiptastjóra. Undir sérstökum kringumstæðum getur héraðsdómari vikið einstökum mönnum slitastjórnar úr starfi með úrskurði eftir reglum 76. gr. GÞL.

5.2 Slitastjórn skal tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta innköllun tvívegis í Lögbirtingablaði vegna slitanna. Um efnistöð innköllunar er nánar fjallað í 1. mgr. 85. gr. GÞL. Að öðru leyti gilda eftirfarandi sjónarmið um innköllun og kröfulýsingarfrest í tilfalli Landsbankans:

- a) Kröfulýsingarfrestur er ákvarðaður af slitastjórn en heimilt er að hafa hann allt frá 2 mánuðum til 6 mánaða.
- b) Auk birtingar í Lögbirtingablaði er innköllun send öllum þekktum erlendum kröfuhöfum bankans. Jafnframt þarf að birta innköllun eftir reglum tilskipunar EB 2001/24/EC með opinberum hætti í þeim löndum þar sem það á við.
- c) Kröfur sem berast eftir lok frests komast ekki að nema í undantekningartilvikum, sbr. liður 3.7 hér að framan. Eigi slík undantekningartilvik ekki við teljast vanlýstar kröfur fallnar niður gagnvart bankanum.
- d) Í innköllun skal m.a. tilgreina stað og stund þar sem kröfuhafafundur verður haldinn til að fjalla um skrá slitastjórnar um lýstar kröfur. Sá fundur skal haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests. Á sama fundi skal leggja fram skýrslu skilanevndar um mat á eignum bankans, sbr. umfjöllun í lið 4.1 c) hér að framan.

5.3. Eftir að kröfulýsingarfresti lýkur skal slitastjórn gera skrá um þær kröfur sem lýst er. Jafnframt skal slitastjórn taka afstöðu til einstakra krafna og upplýsa um þá afstöðu í kröfuskránni. Ýmsar nánari reglur um þetta er að finna í 119. – 120. gr. GÞL:

- a) Slitastjórn þarf ekki að taka afstöðu til kröfu sem fullvíst er talið að muni ekki geta komið til greiðslu að neinu leyti við skipti.
- b) Ef kröfu er hafnað af slitastjórn þarf að tilkynna viðkomandi kröfuhafa sannanlega um þá höfnun með minnst einnar viku fyrirvara fyrir skiptafund skv. lið 5.2 d) hér að framan. Á fundinum skal gerð nánari grein fyrir höfnun slitastjórnar.
- c) Eintak kröfuskrár slitastjórnar þarf að liggja fyrir og vera aðgengilegt þeim sem lýsa kröfum á hendum bankanum viku fyrir skiptafund skv. lið 5.2 d) hér að framan.
- d) Kröfuhafi sem ekki unir afstöðu slitastjórnar til kröfu sinnar þarf að lýsa yfir mótmælum á skiptafundi skv. lið 5.2 d) hér að framan eða með bréflægri tilkynningu sem berst slitastjórn eigi síðar en á þeim fundi. Gera skal grein fyrir mótmælum viðkomandi kröfuhafa á fundinum. Jafnframt er öðrum sem rétt hafa til fundarsetu heimilt að mótmæla afstöðu slitastjórnar til einstakra krafna.
- e) Slitastjórn skal reyna að jafna ágreining sem kann að koma upp á fundinum. Takist það ekki skal haldinn sérstakur fundur með þeim sem hlut eiga að máli og ef ekki tekst að jafna ágreining þar skal slitastjórn vísa málinu til héraðsdóms eftir reglum 171. gr. GÞL, sbr. einnig umfjöllun í 6. kafla hér á eftir.
- f) Afstaða slitastjórnar til kröfu sem ekki sætir mótmælum á fundi skv. lið 5.2 d) hér að framan telst endanlega samþykkt við skiptin.
- g) Litið hefur verið svo á að heimilt sé, ef ekki hefur verið hægt að ljúka því að taka afstöðu til lýstra krafna s.s. vegna umfangs þeirra, fyrir boðaðan kröfuhafafund skv. lið 5.2 d) hér að framan sé heimilt að boða til framhaldsfundar þar sem lokið verður við að taka afstöðu til allra krafna.

5.4 Eftir kröfuhafafund slitastjórnar skv. framangreindu er slitastjórn heimilt að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu skv. 6. mgr. 102. gr. frumvarpsins. Það er háð ákveðnum skilyrðum:

- a) Eingöngu má greiða viðurkenndar kröfur.
- b) Tryggja þarf að eignir bankans dugi til að greiða öllum hliðsettum kröfuhöfum jafn háa greiðslu í hlutfalli við kröfufjárhæðir.

- c) Ef ekki hefur verið endanlega leyst úr ágreiningi um kröfu sem gæti orðið greidd, sbr. liður b) hér að framan, þarf að gera ráð fyrir því að fjármunir séu til staðar svo hún geti verið greidd síðar verði á hana fallist.
- d) Þrátt fyrir framangreind skilyrði má greiða einstökum kröfuhafa fyrirfram ef hann býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu að hluta svo lengi sem slík hlutagreiðsla er örugglega lægri að tiltölu en úthlutun upp í kröfur í viðkomandi kröfuröð mun nema á síðari stigum.

6. Réttarvernd kröfuhafa.

6.1 Lögin byggja öðrum þræði á þremur meginþingum sem fram koma í tilskipun Evrópusambandsins, þ.e. sjónarmið um einingu (unity), sjónarmið um algildi (universality) og sjónarmið um jafnræði (non-discrimination). Á þessum grunni er leitast við að tryggja að sömu reglur gildi í aðalatriðum um slitameðferð allra eigna bankans, sama hvar þær eru að finna og að sömu reglur gildi um alla kröfuhafa bankans, sama hvaðan þeir koma.

6.2 Slitastjórn og skilanefnd skulu halda kröfuhafafundi eftir því sem henta þykir í því skyni að kynna ráðstafanir sem gerðar hafa verið í slitameðferðinni. Nánari reglur um boðun og framkvæmd kröfuhafafundar er að finna í 79. gr. GPL. Á kröfuhafafundum má leita eftir tillögum kröfuhafa um ráðstafanir en slitastjórn og skilanefnd eru almennt ekki bundin af ályktunum kröfuhafafunda.

- a) Kröfuhafar sem fara með samtals 20% atkvæða geta krafist þess að kröfuhafafundur verði haldinn.
- b) Rétt til fundarsóknar á kröfuhafafundi hafa þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum eftir reglum um innköllun. Þeir sem eiga kröfur sem hefur endanlega verið hafnað (eftir atvikum með niðurstöðu dómstóla) eiga þó ekki rétt til fundarsetu.
- c) Ákvörðun kröfuhafafundar getur verið bindandi fyrir slitastjórn og/eða skilanefnd ef fundinn sækja kröfuhafar sem hafa yfir að ráða minnst 1/3 atkvæða og allir fundarmenn eru á einu máli. Þetta er þó háð veigamiklum undantekningum s.s. ef ákvörðunin stríðir gegn lögum, er óheiðarleg, ófrankvæmanleg eða stríðir gegn hagsmunum annarra kröfuhafa sem ekki komu á fundinn, sbr. nánar 127. gr. GPL.

6.3 Vægi atkvæða á kröfuhafafundum ræðst af fjárhæðum krafna þeirra sem hafa rétt til fundarsóknar og hafa lýst kröfum á hendur bankanum. Kröfuhöfum með óvissar kröfur (t.d. kröfur sem ágreiningur er um, kröfur sem eru óvissar eða háðar skilyrðum, kröfur sem eru ógjaldfallnar eða kröfur sem eru tryggðar í heild eða að hluta) skal ákvarðað atkvæðavægi til bráðabirgða að svo stöddu.

- a) Ef ljóst er að krafa fæst greidd að fullu leyti eða engu sama hvernig atkvæðagreiðsla fer nýtur viðkomandi kröfuhafi ekki atkvæðisréttar á grundvelli hennar.
- b) Séu greidd atkvæði sem varða hagsmuni eins kröfuhafa sérstaklega falla atkvæði hans niður.

6.4 Um málskot til dómstóla gilda reglur 166. – 173. gr. GPL. Kröfuhafar geta skotið til dómstóla tilteknum ágreiningsefnum eftir nánari reglum laganna og eins er gert ráð fyrir því að slitastjórn geti vísað til dómara ágreiningsefnum og tilteknum álitaeftum sem upp kunna að koma við slitin (t.d. ágreiningur um afstöðu slitastjórnar til einstakrar kröfu, sbr. t.d. liður 5.3 e) hér að framan). Málsmeðferð fyrir dómstólum fer eftir reglum 174. – 179. gr. GPL.


7. Lok slitameðferðar.

- 7.1 Ef eignir bankans duga ekki til fullrar greiðslu allra krafna sem lýst er á hendur bankanum getur slitastjórn, þegar það er talið tímabært, leitað nauðasamnings til að ljúka slitameðferð. Um nauðasamningsumleitanir gilda tilteknar reglur GÞL sem ekki er tilefni til að rekja sérstaklega að svo stöddu, en vísað er til viðkomandi ákvæða GÞL í 3. mgr. 103. gr. frumvarpsins.
- 7.2 Ef ekki tekst að koma á nauðasamningi skal taka bú bankans til gjaldþrotaskipta að beiðni slitastjórnar. Komi til þess skal það standa óraskað sem slitastjórn hefur gert meðan á slitameðferð stóð, sbr. nánar 5. mgr. 103. gr. frumvarpsins. Gjaldþrotaskipti koma hins vegar eingöngu til greina í eftirfarandi tilvikum:
- Slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings á neinu stigi í slitameðferðinni.
 - Frumvarpi um nauðasamning hefur verið hafnað af kröfuhöfum eftir þeim reglum sem gilda um samþykki og atkvæðavægi nauðasamninga.
 - Staðfestingu nauðasamnings er hafnað af dómstólum.
- 7.3 Réttur kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta er hliðstæður skyldu slitastjórnar skv. lið 7.2 hér að framan en þó gilda ákveðin viðbótarskilyrði um slíka kröfu kröfuhafa sem öll þurfa að vera uppfyllt:
- Viðkomandi kröfuhafi verður að vera eigandi viðurkenndrar kröfu á hendur bankanum.
 - Viðkomandi kröfuhafi sýni fram á að lagaskilyrði skorti til nauðasamnings eða að slíkur fjöldi kröfuhafa sé andvígur nauðasamningi að útilokað sé að nauðasamningur yrði samþykktur.
 - Viðkomandi kröfuhafi sýni fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþrotaskiptum fremur en að bankinn verði áfram í slitameðferð.

8. Niðurlag

Framangreind umfjöllun um efni frumvarpsins og þýðingu þess m.t.t. tilheyrandi ákvæða GÞL er ekki tæmandi á neinn hátt. Fremur hefur verið leitast við að skýra helstu reglur og sjónarmið sem máli kunna að skipta. Til frekari glöggvunar er afrit af GÞL í hjálögðu afriti auk frumvarpsins.

Reykjavík 26. mars 2009.



Halldór H. Backman hrl.

UNITED STATES BANKRUPTCY COURT
FOR THE SOUTHERN DISTRICT OF NEW YORK

In re	:	Chapter 15
	:	
LANDSBANKI ÍSLANDS HF.,	:	Case No. 08-14921 (RDD)
	:	
Debtor in a Foreign Proceeding.	:	

**ORDER RECOGNIZING FOREIGN MAIN PROCEEDING OF
LANDSBANKI ÍSLANDS HF., AND GRANTING PERMANENT INJUNCTION**

This matter having come before the Court upon the petition for recognition of a foreign main proceeding (the “Verified Petition”)¹ commencing this Chapter 15 case, the Verified Petition for Recognition of a Foreign Main Proceeding and Motion for Permanent Injunction and Related Relief Pursuant to 11 U.S.C. §§ 1504, 1515, 1517, 1520, and 1521 (the “Petition and Motion”), the Memorandum of Law in Support of the Petition and Motion (the “Memorandum of Law”), the Declaration of Kristinn Bjarnason in Support of the Petition and Motion (the “Bjarnason Declaration”), and the List Pursuant to Fed. R. Bankr. P. 1007(a)(4) (the “Bankruptcy Rule 1007(a)(4) List,” and together with the Verified Petition, the Petition and Motion, the Memorandum of Law, and the Bjarnason Declaration (the “Chapter 15 Pleadings”)), each filed on December 9, 2008 by or on behalf of Kristinn Bjarnason (the “Petitioner”) on behalf of Landsbanki Íslands hf. (“Landsbanki”) in his capacity as the duly appointed foreign representative of Landsbanki in the Icelandic Proceeding; and the Court having reviewed and considered the Chapter 15 Pleadings and held a hearing on January 29, 2009 (the “Recognition Hearing”); and due and timely notice of the filing of the Chapter 15 Pleadings and the Recognition Hearing having been given pursuant to the Order Scheduling Hearing and Specifying the Form and Manner of Service and Notice, dated December 12, 2008, which notice

¹ Capitalized terms not otherwise defined herein shall have the meanings ascribed to them in the Verified Petition.

is deemed adequate for all purposes such that no other or further notice thereof need be given; and no objections or other responses having been filed thereto that have not been overruled, withdrawn or otherwise resolved; and all interested parties having had due and proper notice and an opportunity to be heard; and upon the record of the Recognition Hearing and, after due deliberation, sufficient cause appearing therefor, and for the reasons stated by the Court on the record of the Recognition Hearing, the Court hereby FINDS AND CONCLUDES THAT:

- A. This Court has jurisdiction over this matter pursuant to 28 U.S.C. §§ 157 and 1334 and the Standing Order of referral of Cases to Bankruptcy Judges of the United States District Court for the Southern District of New York (Ward, Acting C.J.), dated July 10, 1984.
- B. This is a core proceeding pursuant to 28 U.S.C. § 157(b)(2)(P).
- C. Venue is proper in this District pursuant to 28 U.S.C. § 1410.
- D. This case was properly commenced pursuant to 11 U.S.C. §§ 1504 and 1517.
- E. The Verified Petition meets the requirements of 11 U.S.C. § 1515.
- F. The Icelandic Proceeding is a foreign proceeding within the meaning of 11 U.S.C. § 101(23).
- G. The Petitioner is a person and the duly appointed foreign representative of Landsbanki within the meaning of 11 U.S.C. § 101(24) (the "Foreign Representative").
- H. The Icelandic Proceeding is entitled to recognition by this Court pursuant to 11 U.S.C. §§ 1515 and 1517(a).
- I. The Icelandic Proceeding is pending in Iceland, which is the country where the center of the main interests of Landsbanki is located, and, as such, the Icelandic Proceeding is entitled to recognition as a foreign main proceeding pursuant to 11 U.S.C. §§ 1502(4) and 1517(b)(1).

2
Lýst er i grjótu
Kefur slydum
at gegna eilendis.

J. On December 5, 2008, the District Court of Reykjavik issued an order approving Landsbanki's application for suspension of payments and stay of creditor actions (the "Moratorium").

K. The Foreign Representative is entitled to all of the relief set forth in 11 U.S.C. § 1520.

L. Recognition pursuant to Section 1517 of the Bankruptcy Code is necessary to effectuate the purposes of Chapter 15, to protect Landsbanki and the interests of its creditors, and is not manifestly contrary to the public policy of the U.S.

M. The Petitioner is entitled to the relief set forth herein under 11 U.S.C. § 1521.

N. The objection by Wells Fargo Bank, N.A. ("Wells Fargo") [Docket No. 13] was resolved by an agreement (the "Agreement") among the parties dated January 28, 2009.

For all of the foregoing reasons, and after due deliberation and sufficient cause appearing therefor,

IT IS HEREBY ORDERED THAT, UPON THE EFFECTIVE DATE:

1. The Icelandic Proceeding is granted recognition as a foreign proceeding as defined in 11 U.S.C. § 101(23) and pursuant to 11 U.S.C. § 1517(a); and

2. The Icelandic Proceeding is granted recognition as a foreign main proceeding pursuant to 11 U.S.C. § 1517(b)(1) and, therefore, entitled to the protections of 11 U.S.C. § 1520(a); and

3. Unless ordered otherwise, all claims of creditors shall be adjudicated pursuant to the terms of the Icelandic Proceeding; and

4. Pursuant to Sections 362(a) and 1521(a) of the Bankruptcy Code and except as otherwise provided in the Icelandic Proceeding or by Order of this Court, all creditors are permanently enjoined and restrained from:

(a) taking or continuing any act to obtain possession of, or exercise control over, Landsbanki or any of its property that is located within the territorial jurisdiction of the United States or any proceeds thereof (“Property”);

(b) transferring, encumbering, relinquishing or disposing of any Property of Landsbanki;

(c) commencing or continuing any action or legal proceeding (including, without limitation, arbitration, mediation or any judicial, quasi-judicial, administrative or regulatory action, proceedings or process whatsoever), including by way of counterclaim, (each individually, an “Action”) against Landsbanki or any of its Property or seeking discovery of any nature against Landsbanki; and

(d) commencing or continuing any act or Action to create, perfect or enforce any lien, set-off or other claim against Landsbanki or its Property, including, without limitation, rights under any contracts with Landsbanki, provided, however, that no Action described in sections 555, 556, 557, 559, 560, 561, 562 and 1519(d) and (f) of the Bankruptcy Code shall be enjoined by such injunction.

5. The Foreign Representative is hereby authorized to examine witnesses, take evidence, seek production of documents, and deliver information concerning the assets, affairs, rights, obligations or liabilities of Landsbanki, as such information is required in the Icelandic Proceeding under the law of the United States;

6. The administration or realization of all or part of the assets of Landsbanki within the territorial jurisdiction of the United States shall be entrusted to the Foreign Representative, and the Foreign Representative is hereby established as the exclusive representative of Landsbanki in the United States;

7. This Court shall retain jurisdiction with respect to the enforcement, amendment or modification of this Order or requests for any additional relief in this case filed under Chapter 15 of the Bankruptcy Code, and if Landsbanki breaches the Agreement, Wells Fargo is entitled to seek relief from this Court; and

8. To the fullest extent provided by section 1510 of the Bankruptcy Code, the filing of the Chapter 15 Pleadings, any further order for additional relief in this Chapter 15 case, or any adversary proceedings in connection therewith, shall not constitute a waiver of the immunity afforded to Landsbanki, the Foreign Representative or their successors, agents, attorneys or representatives; and

9. This Order shall be served by U.S. mail, first class postage prepaid, upon all known creditors in the United States of whose address Landsbanki is aware (or their counsel, if known to Landsbanki) on or before February 5, 2009; and such service will be good and sufficient service and adequate notice for all purposes; and

10. The Chapter 15 Pleadings shall be made available by the Foreign Representative upon request to the Foreign Representative's U.S. counsel, Morrison & Foerster LLP,
1290 Avenue of the Americas, New York, New York 10104 (Attn: Gary S. Lee).

Dated: New York, New York
January 29, 2009

/s/ Robert D. Drain
UNITED STATES BANKRUPTCY JUDGE